



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD



LJÓSMÓÐURFRÆÐI



Ljós móðurfræði

- Viltu fjölbreytt starf sem felur í sér stuðning við verðandi foreldra, heildræna umönnun, fræðslu, ráðgjöf og forvarnir?
- Hefur þú áhuga á starfi sem felur í sér persónuleg tengsl við verðandi móður og fjölskyldu hennar á meðgöngu, í fæðingu og eftir fæðingu?
- Viltu starfa við krefjandi, skemmtileg og gefandi verkefni?

Þá gæti nám í ljósmóðurfræði hentað þér.

MS-nám í ljósmóðurfræði til starfsréttinda

Nám í ljósmóðurfræði er tveggja ára fræðilegt og klínískt nám á meistarastigi við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Námið er 120 einingar og lýkur með meistaragráðu í ljósmóðurfræði (MSc in Midwifery) sem tryggir starfsréttindi eftir að sótt hefur verið um ljósmóðurleyfi til Landlæknis.

Námið skiptist í 63 eininga fræðilegt nám sem endar með 30 eininga meistaraverkefni og klínískt nám og starfsþjálfun (u.þ.b. 1600 stundir) þar sem lögð er áhersla á gagnreynda þekkingu í starfi, sem er metin til 57 eininga.

Inngönguskilyrði: Inntökuskilyrði er BS-gráða í hjúkrunarfræði og íslenskt hjúkrunarleyfi. Forkrafa fyrir umsókn er einnig að hafa lokið námskeiðunum Kynheilbrigði 6E (haust) og Konur, heilsa og samfélag 10E (vor). Þessi námskeið eru kennd á 4. ári grunnnáms í hjúkrunarfræði, og standa einnig útskrifuðum hjúkrunarfræðingum til boða.

Inntaka í MS-nám í ljósmóðurfræði til starfsréttinda:

Fjöldatakmörkun er í námið. Árlega eru 12 nemendur teknir inn en allir sem sækja um nám í ljósmóðurfræði til starfsréttinda þurfa að hafa lokið BS-námi í hjúkrunarfræði og hafa íslenskt hjúkrunarleyfi. Við inntöku í meistaranám í ljósmóðurfræði til starfsréttinda er tekið mið af:

- Einkunnum.
- Annarri menntun og/eða starfsreynslu.
- Frammistöðu í viðtali

MS-nám

MS-nám í ljósmóðurfræði er til 120 eininga en nemendur með kandidatspróf í ljósmóðurfræði fá hluta námsins metið inn í MS-námið. Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og vinna nemendur meðal annars að eigin rannsóknarverkefni, rannsóknarskýrslu og tímaritsgrein. Hægt er að ljúka MS-námi á einu ári.

Inntökuskilyrði: Kandidatspróf í ljósmóðurfræði.

Doktorsnám

Doktorsnám er þriggja ára rannsóknþjálfun til 180 eininga. Náminu er ætlað að veita nemendum þekkingu, hæfni og þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum til að stunda vísindalegar rannsóknir og gegna hagnýtum störfum á innlendum sem erlendum vettvangi. Hægt er að sækja um doktorsnám allt árið.

Inntökuskilyrði: MS-próf í ljósmóðurfræði eða annað samsvarandi gilt próf að mati rannsóknanámsnefndar Hjúkrunarfræðideildar og íslenskt starfsleyfi.

Að námi loknu

Starf ljósmæðra er fjölbreytt, þær vinna meðal annars við meðgönguvernd og fósturgreiningu, fæðingarhjálp, sængurlegu og brjóstagjöf, forvarnir og ráðgjöf um kven- og kynheilbrigði.

Ljósmæður starfa sjálfstætt innan og utan stofnana og próf í ljósmóðurfræði gefur möguleika á að starfa erlendis.

Starfsvettvangur ljósmæðra

- Sjúkrahús
- Heilsugæslustöðvar
- Leitarstöð Krabbameinsfélagsins
- Einkafyrirtæki
- Heimafæðingar og heimaþjónusta
- Kennsla og rannsóknir

Við námsbraut í ljósmóðurfræði fer fram öflugt rannsóknastarf og nemendur sem stunda framhaldsnám eiga kost á því að tengjast alþjóðlegu rannsóknasamstarfi.

Nánari upplýsingar á www.hjukrun.hi.is



Valgerður Lía Sigurðardóttir, doktorsnemi í ljósmóðurfræði



„Eftir að hafa starfað í 15 ár sem ljósmóðir ákvað ég að fara í doktorsnám. Aðalmarkmið doktorsrannsóknar minnar er að þróa samtal fyrir konur sem hafa þörf fyrir að fara yfir fæðingarreynslu sína með ljósmóður. Innan Hjúkrunarfræðideildar hefur orðið til flott fræðasamfélag á sviði hjúkrunar- og ljósmóðurfræða þar sem völ er á hæfum leiðbeinendum í rannsóknartengdu námi. Auk þess er lögð rík áhersla á að doktorsnemar séu í samstarfi við erlenda fræðimenn. Það verður mjög spennandi að takast á við frekari þróun þekkingar innan ljósmóðurfræða í framtíðinni.“

Rut Vestmann, nemi í ljósmóðurfræði



„Ég hefði varla trúað því hversu gefandi, fræðandi og innihaldsríkt ljósmæðranámið er. Í náminu myndast fámennur og þéttur vinahópur sem er gott að hafa í krefjandi námi sem þessu. Það sem mér þykir einna helst spennandi við ljósmæðrastarfið er hversu fjölbreytt það er og hve sjálfstætt ljósmæður starfa. Þetta starf er síðan frábær blanda af fræðilegri þekkingu og mannlegu innsæi. Námið sjálft er mjög krefjandi en um leið er alltaf skemmtilegt að mæta í skólann og það er fyrir utan alla klínisku kennsluna sem fer fram í gegnum allt námið þar sem enginn dagur er eins og maður bætir við þekkingu sína daglega.“

Edda Rún Kjartansdóttir, nemi í ljósmóðurfræði



„Að vera ljósmóðurnemi krefst mikils af manni. Það krefst óbilandi metnaðar, áhuga á einstaklingnum, gífurlegs faglegs innsæis en síðast en ekki síst heiðarleika við sjálfan sig og aðra. En það að vera ljósmóðurnemi er líka best í heimi. Á námstímanum fær maður tækifæri til að sinna skjólstæðingum í gegnum allt barneignarferlið, aðstoða þá og vera til staðar á mikilvægustu og ánægjurikustu en jafnframt stundum erfiðustu stundum lífs þeirra. Námið er að mestu leyti verklegt og það hafa verið forréttindi að fá að læra undir handleiðslu þeirra faglegu ljósmæðra sem starfa á fjölbreyttum starfssviðum innan ljósmóðurfræðinnar. Bekkirir eru fámennir og myndast því yfirleitt samheldinn og náinn hópur og ég er stolt af því að geta kallað þær ljósusystur minar.“

Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi í rannsóknum og nýsköpun á sviði heilbrigðismála á Íslandi og gegnir lykilhlutverki við menntun heilbrigðisstarfsfólks hér á landi.

Rannsóknir og nýsköpun

Margir fremstu sérfræðingar þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum koma að kennslu og rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Fjölmargar rannsóknastofnanir starfa í tengslum við sviðið og áhersla er lögð á gæði, nýsköpun og framþróun.

Öflug tengsl við atvinnulíf

Fjöldi framsækinnra fyrirtækja úr atvinnulífinu tengjast rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Vísindafólk við sviðið hefur öflug tengsl við atvinnulífið. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna Landspítala, Hjartavernd, DeCode, Össur, Alvogen, Matís, Heilsugæsluna og fjölda sprotafyrirtækja.

Hjúkrunarfræðideild · Eirberg · Eiríksgötu 34 · 101 Reykjavík · Sími: 525 4960 · Fax: 525 4963 · hjukrun@hi.is

www.hjukrun.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD